



Borgarráð

Tímabundin heimild Fjármála- og áhættustýringarsviðs til gerðar leigusamninga vegna COVID-19 veirunnar.

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita Fjármála- og áhættustýringarsviði tímabundna heimild til að taka á leigu húsnæði án samþykktar borgarráðs vegna óvissuástands sem ríkir nú yfir vegna Covid-19 faraldurs.

Fyrirsjáanlegt er að smit og/eða sóttkvísastand geti myndast í húsnæði Reykjavíkurborgar á komandi vikum og nauðsynlegt er að geta brugðist hratt við til þess að tryggja grunnþjónustu borgarinnar og á það sérstaklega við um húsnæði þar sem velferðarsvið veitir þjónustu.

Allir samningar sem verða gerðir á tímabilinu samkvæmt þessari heimild munu vera lagðir fyrir borgarráð innan 15 daga.

Gildistími þessarar samþykktar er til 30. september 2020.

Virðingarfyllst

Dagur B. Eggertsson